

# Opinn borgarafundur um geðheilbrigðismál

GEÐHJÁLP efnir til opins borgarafundar um geðheilbrigðismál og málefni geðsjúkra með oddvitum stærstu framboðanna til borgarstjórnar á morgun, miðvikudag 22. maí. Yfirskrift fundarins er Hvað þarf borgin að bæta? og eru framsögumenn Björn Bjarnason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Ólafur F. Magnússon.

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir að framsögumenn tali í sjö mínútur hver til þess að byrja með og er þeim ætlað að leggja út af yfirskrift fundarins í erindum sínum. Að því bánu muni gefast tími fyrir spurningar úr sal.

Sveinn segir af mörgu að taka þegar málefni geðsjúkra í höfuðborginni ber á góma. „Það vantar til að mynda mikið upp á samstarf félagsmálayfirvalda og heilbrigðis-yfirvalda varðandi málefni geðsjúkra í borginni. Geðsjúkdómar eru ekki bara heilbrigðismál. Um þessar mundir eru 50–60 geðsjúkir einstaklingar algerlega húsnæðislausir í borginni og ótölulegur fjöldi manns hefur verið sviptur sjálfræði, en býr á eigin vegum eða á vegum aðstandenda, og er ekki sinnt, hvorki af heilbrigðis- né félagsmálayfirvöldum. Þegar í óefni er komið er þetta fólk borið út og í sumum tilfellum er farið

með það á bráðamóttöku og það skal tekið fram að geðsjúkir eru ekki fluttir á spítala í sjúkrabíl, heldur í lögreglubíl. Eftir nokkurn tíma fær viðkomandi aftur afnot af húsnæði á vegum félagsþjónustunnar og nokkru síðar endurtekur leikurinn sig. Við höfum þurft að horfa upp á ótölulegan fjölda fólks ganga í gegnum þetta, bæði hér í borginni og úti um land allt. Við höfum kallað eftir opinberum tölum um fjölda þessara einstaklinga en menn yppa bara öxlum,“ segir Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálp.

Fundurinn verður haldinn í Iðnó og hefst klukkan 17.30.